

Reykjavík, febrúar 2012

**Upplýsingar fyrir umsækjendur um
námsstyrki á vegum japanskra stjórnvalda - MEXT 2011
Nemendur í japönskum fræðum**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti Japans (MEXT) býður fram styrki handa íslenskum ríkisborgurum til náms í japönsku og japönskum fræðum við háskóla í Japan.

Styrkurinn er veittur í allt að eitt ár frá október 2012. Hann felur í sér flugfargjöld fram og til baka, skólagjöld og mánaðarlegan framfærslustyrk (til viðmiðunar nam framfærslustyrkurinn 125.000 japönskum jenum á mánuði fyrir skólaárið 2011; rétt er þó að taka fram að upphæðin er háð einhverjum breytingum í samræmi við fjárlög hverju sinni.)

Styrkurinn verður veittur þeim sem fæddir eru milli 2. apríl 1982 og 1. apríl 1994. Umsækjendur skulu vera í grunnnámi á háskólastigi með japönsku eða japönsk fræði sem aðalfag og ætla sér halda áfram slíku námi þegar þeir snúa heim á ný. Styrkina hljóta nemendur sem hafa nægilega þekkingu á japönsku til þess að geta stundað nám í japönsku við japanskan háskóla.

Nánari upplýsingar er að finna á eftirfarandi vefsíðum:

Study in Japan: <http://www.studyjapan.go.jp/en/toj/toj0307e.html>

Sendiráð Japans á Íslandi: <http://www.is.emb-japan.go.jp/> (* Hægt er að skoða efnið undir flokknum „Scholarships“.)

Umsóknareyðublöð er að finna á sömu síðum.

Umsóknir þurfa að berast Sendiráði Japans á Íslandi eigi síðar en **miðvikudaginn 7. mars 2012**. Þeir umsækjendur sem þykja koma til greina munu gangast undir skriflegt próf í japönsku og mæta í viðtal í sendiráðinu í **mars 2012**.

Sendiráð Japans á Íslandi

Laugavegi 182 (6. hæð), 105 Reykjavík

Sími: 510-8600 Fax: 510-8605

URL: <http://www.is.emb-japan.go.jp/>

Tölvupóstur:

japan@itn.is (fyrirspurnir á íslensku)

midori.yamashita@internet.is (fyrirspurnir á ensku)